



Reglur Snæfellsbæjar um foreldragreiðslur/heimgreiðslur vegna gæslu barns hjá öðrum en dagforeldrum

Foreldragreiðslur/heimgreiðslur miðast við að brúa bilið sem myndast milli þess að foreldraorlofi lýkur og vistun á leikskóla býðst.

Hámarksupphæð foreldragreiðslna vegna 8 klukkutíma gæslu er kr. 46.500.- á mánuði fyrir hvert barn. Greiðslur eru endurreiknaðar 1. janúar ár hvert og miðast endurreikningurinn við launavísitölu um áramót

Skilyrði niðurgreiðslna

- Foreldragreiðslur eru háðar því að barn og foreldrar/forráðamenn séu með lögheimili og aðsetur í Snæfellsbæ.
- Skilyrði fyrir afgreiðslu foreldragreiðslna er að fyrir liggi umsókn um leikskólaláss í Snæfellsbæ, staðfest af leikskólalastjóra.
- Foreldragreiðslur standa þeim eingöngu til boða sem ekki hafa fengið vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri með starfsleyfi eða í leikskóla.
- Hægt er að sækja um foreldragreiðslur þegar barn hefur náð 12 mánaða aldri, eða þegar fæðingar- og foreldraorlofi lýkur.
- Foreldragreiðslur falla niður þegar barn verður átján mánaða gamalt eða þegar það fær inngöngu í leikskóla í Snæfellsbæ.

Afgreiðsla

- Sækja þarf um foreldragreiðslur á sérstöku umsóknareyðublaði. Móttaka umsókna er hjá þjónustufulltrúa í afgreiðslu Ráðhúss Snæfellsbæjar.
- Réttur til foreldragreiðslna skapast í næsta mánuði eftir að sótt er um. Ekki er um afturvirkar greiðslur að ræða.
- Umsókn þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar á undan greiðslumánuði. Foreldragreiðslur eru fyrirfram greiddar fyrir einn mánuð í senn.
- Útborgun foreldragreiðslu er eigi síðar en þriðja virka dag hvers mánaðar.

Viðurlög

- Verði um ofgreiðslu að ræða á foreldragreiðslum áskilja bæjaryfirvöld sér rétt til endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafi gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til greiðslu, er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarráði Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 22. júní 2023 og taka gildi nú þegar, en með sólarlagsákvæði fyrir þær umsóknir sem þegar eru komnar í greiðsluferli. Á sama tíma falla úr gildi reglur sem samþykktar voru í bæjarráði 27. október 2016.